



Garðabær, 16. mars 2020

Kæru nemendur í Garðaskóla, foreldrar og aðrir aðstandendur

Skólahald í Garðaskóla verður með mjög breyttu sniði fram að páskum vegna þeirra skilyrða sem sett eru í samkomubanni á Íslandi. Í Garðaskóla eins og öðrum grunnskólum leggjum við höfuð áherslu á að **styðja við velferð og virkni** unglinganna okkar. Við munum vinna að því að nemendur hafi tækifæri til að hitta skólafélaga í afmörkuðum hópum, fái verkefni til að ýta undir virkni og daglega rútínu, og séu í samtali um vellíðan og heilbrigða lífshætti.

Við höfum sett upp **nýja stundaskrá** til að tryggja að allir nemendur komi í skólann á hverjum degi, fái samtal við umsjónarkennara og upplýsingar um námið sitt frá öllum kennurum. Nemendur **mæta í umsjónarstofu** nema þeir fái upplýsingar um annað í tölvupósti. Kennslutími er eftirfarandi:

| | 8.bekkur | 9.bekkur | 10.bekkur |
|-----------------|----------|----------|-----------|
| kl. 8.10-10.00 | X | | |
| kl. 10.55-12.45 | | X | |
| kl. 13.20-15.10 | | | X |

Starf af ýmsu tagi mun falla niður vegna þeirra takmarkana sem settar hafa verið um samskipti milli hópa í húsnæði skólans. Ber þar helst að nefna:

- Nemendur munu ekki hitta fagkennarana sína á meðan á samkomubanni stendur. Þeir hitta umsjónarkennara og örfáa stuðningsstarfsmenn. Nemendum og kennurum hefur verið skipt í vinnuhópa til að takmarka eins og kostur er samgang milli einstaklinga og hópa.
- Sund og íþróttir falla niður, nemendum verður leiðbeint um daglega hreyfingu í kennslustundum hjá umsjónarkennurum.
- List- og verkgreinar falla alfarið niður. Kennarar í þessum greinum munu aðstoða umsjónarkennara í daglegu starfi.
- Valgreinar falla niður.
- Frímínútur og matartímar falla niður.
- Bókasafn skólans og upplýsingaver verður lokað.

Nemendaverndarráð Garðaskóla gerir nú áætlun um **sérstakan stuðning** við nemendur sem eru í áhættu t.d. vegna skólaforðunar, veikinda, félagslegrar stöðu eða fötlunar. Viðkomandi nemendur munu heyra beint frá starfsfólki í þessari viku og stefnt er að daglegum samtölum við nokkuð stóran hóp nemenda til að tryggja virkni og vellíðan eins og kostur er.

Námsframvinda: Viðbúið er að breytingar verði á námsáætlunum nemenda og fyrirhuguðum verkefnum vorannar. Nemendur fá skilaboð um námið í tímum hjá umsjónarkennurum og í netsamskiptum (tölvupóstum, skilaboðum á Innu og vinnu í Google Classroom).



Skólaskylda: Þrátt fyrir skerðingu á skólahaldi og mjög breyttar aðstæður er grunnskólanámið áfram skylda fyrir börn. Okkur tókst ekki að breyta stundatöflum nemenda í Innu í dag vegna álags á kerfið en til stendur að skrá nýju kennslustundirnar þar inn svo forráðamenn geti skráð forföll í Innu eins og venjulega. Skilaboð um forföll nemenda má senda á skrifstofu skólans í tölvupósti gardaskoli@gardaskoli.is eða í síma 590 2500.

Enginn skólamat: hafið samband við <https://www.skolamatur.is/> til að ræða fyrirkomulag á gildandi áskriftum. Síminn hjá Skólamat er 420 2500.

Námsgögn: allir nemendur verða að **koma með eigin skriffæri** í skólann, ekki verður hægt að tryggja þrif á blýöntum, vasareiknum eða strokleðrum sem ganga á milli nemenda. Nemendur verða á hverjum degi að muna að **koma með námsbækur** til að vinna með í kennslustundinni í skólanum, en þeir hafa val um hvaða bækur þeir taka með á hverjum degi nema fyrirmæli komi beint frá fagdeildum.

Aukið var við **þrif í húsnæði Garðaskóla** strax í byrjun mars. Þrif eru unnin í fullkomnu samræmi við leiðbeiningar sem komu til stofnana um helgina frá Almannavörnum. Þeir snertifletir sem mest reynir á eru þvegnir með sápuvatni eða sótthreinsandi vökva nokkrum sinnum á dag: borðplötur, skjáir og lyklaborð, handrið og veggir í stigagöngum, hurðahúnar og læsingar, salerni og vaskar o.s.frv.

Kennarar munu fara yfir **breyttar umgengisreglur** í skólanum með nemendum - mikilvægt er að nemendur virði tilmæli um hreinlæti og fjarlægð í samskiptum:

- Skó á að geyma í anddyrum skólans eða nemendaskápum.
- Yfirhafnir má geyma á sætisbökum í kennslustofum.
- Nemendur mega ekki dvelja á göngunum í skólanum. Þeir koma og fara í daglega kennslustund en eiga ekki að vera í samskiptum á göngunum.
- Virðið almenn tilmæli um hreinlæti og að forðast snertingu við annað fólk. Góður handþvottur er aðalatriði.

Við munum uppfæra eftir þörfum **helstu fréttir** um skipulag skólastarfs á vef skólans: <http://gardaskoli.is/forsida/frettir/frett/2020/03/13/COVID-19-i-hnotskurn/>

Ef róttækar breytingar verða á skipulaginu sendum við nemendum og foreldrum SMS skilaboð um að lesa tölvupóst frá skólanum.

Með samstarfskveðju,
stjórnendur Garðaskóla